

# ÁRIÐ 1918



KENNSLULEIÐBEININGAR



# ÁRIÐ 1918

## Inngangur

Árið 1918 er eftirminnilegt í sögu Íslendinga. Það hófst með miklum frosthörkum sem þrengdu verulega kost þjóðarinnar sem þá þegar var með hertar sultarólar vegna heimsstyrjaldarinnar fyrri sem geisaði á þessum tíma. Um haustið gaus eldstöðin Katla og þegar gosinu linnu lagði skæð drepsótt, spænska veikin, stóran hluta íbúa á sunnan- og vestanverðu landinu í rúmið og fjölmarga í gröfina. Afar merkilegur áfangi náðist í sjálfstæðisbaráttu okkar þegar fullveldi þjóðarinnar var samþykkt. Honum var fagnað með lágstemmdum en virðulegum hætti, sunnudaginn 1. desember.

Hugmyndin að þessu hefti varð til þegar starfsfólk Sjálandsskóla vann að hátíðardagskrá fyrir fullveldisdaginn. Dagskráin var síðan þróuð yfir í þema sem nemendur í 8. bekk unnu. Bókin var sett saman með hliðsjón af vinnu nemenda og kennsluleiðbeiningar gerðar til þess að gefa dæmi um kennsluáðferðir og úrvinnslu.

Þessu hefti er ætlað að veita grunnskólanemendum á unglingsstigi innsýn í líf og starf Íslendinga við upphaf 20. aldar og gefa þversnið af þessu merka ári.

Í nemendaheftinu samþættast ýmis námssvið og námsgreinar: Veðurfræði, jarðfræði, líf-fræði, landafræði og sagnfræði. Í þemavinnunni er auðvelt að þætta saman mun fleiri greinar eins og íslensku, stærðfræði, lífsleikni, myndmennt, textílmennt, smíði og upplýsingamennt. Hverjum kennara er í sjálfsveld sett hvernig hann notar það sem stökkpall inn í nútíð og/eða framtíð. Því var valinn sá kostur að hafa engin verkefni í nemendaheftinu sjálfu.

Umfjöllunarefnið tengist áherslum aðalnámskrár grunnskóla með skýrum hætti. Í upphafi er litast um í byrjun aldar á Íslandi og skoðað hvaða kostir voru fyrir hendi. Nemendur fjalla um uppbyggingu félagsþjónustu og innviða samfélagsins á borð við heilsugæslu, vatnsveitu, hafnargerð og slysavarnir. Þá skoða nemendur hvaða leiðir voru farnar í samskiptum Íslendinga og Dana. Við lok grunnskóla eiga nemendur að geta gert sér grein fyrir því að sjúkdómar geta verið af ýmsum orsökum og leiðir til að koma í veg fyrir þá eða lækna tengjast orsökunum og vörnum gegn náttúruvá.

## Nemendaheftið

Nemendaheftinu er skipt í kafla eftir viðburðum. Fyrsti kaflinn fjallar um þjóðfélagsaðstæður, daglegt líf og starf Íslendinga við upphaf 20. aldar. Annar kaflinn fjallar um frostaveturinn mikla, sá þriðji um Kötlugosið, sá fjórði um spænsku veikina og sá fimmti og seinasti um fullveldið.

Í hverjum kafla er fjallað almennt um efnið og það auðgað með minningabrotum skráðum af þeim sem upplifðu viðburðinn. Þá er lögð áhersla á að gera grein fyrir áhrifum viðburðanna á daglegt líf og samfélagsþróun. Í kaflanum um fullveldið er farið yfir þróun sjálfstæðis þjóðarinnar frá öndverðu. Var það gert til þess að setja baráttuna fyrir fullveldi, og síðar lýðveldi, í sögulegt samhengi og dýpka skilning nemenda á þeirri rökræðu sem átti sér stað í aðdraganda fullveldis.

Leitast var við að tengja efni bókarinnar við áhuga, hugmyndir og reynsluheim unglingsanna sjálfra. Hins vegar ræður úrvinnsla og verkefnaval mjög miklu um hvernig til tekst í þemavinnunni. Gengið er út frá því að efnið nægi til þemakennslu í 15–35 kennslustundir með fjölbreyttri verkefnavinnu. Gert er ráð fyrir að nemendur afli sér upplýsinga til að öðlast nákvæmari þekkingu á þeim viðfangsefnum sem þeir fást við.

## Kennsluleiðbeiningar

Kennsluleiðbeiningar skiptast í:

1. Almennan inngang sem fjallar um efnið og kennsluhætti.
2. Hugmyndir að verkefnum.
3. Heimildalista sem nýta má í vinnu tengda þemanu.

## Nám og kennsla

Aðalnámskráin leggur áherslu á samvinnu heimila, skóla og ýmissa aðila í samfélaginu um nám á grunnskólastigi. Þar er m.a. hvatt til virkrar þátttöku þeirra í einstökum verkefnum, einkum þeim sem snúa að nánasta umhverfi nemenda og heimabyggð. Við vinnu á viðfangsefnum eins og sett eru fram í þemaheftinu 1918 gefast ýmis tækifæri til að tengja saman skóla, heimili, umhverfi og samfélag. Innan fjölskyldna hafa jafnvel varðveist sagnir um þessa viðburði og eins hefur verið minnst á atburði ársins 1918 í æviminningum fjölmargra Íslendinga. Víða í byggðasöfnum eru munir sem tengjast þessu tímabili.

Kennsluhættir þurfa að vera fjölbreytilegir og miðast við að sérhver nemandi geti nýtt hæfileika sína og krafta sem best. Það er veigamikilið hlutverk skólans að viðhalda og styrkja forvitni og áhuga nemenda á umhverfinu. Eindregið er hvatt til þess að nemendur vinni í hópum að úrlausn þeirra verkefna sem verða fyrir valinu.

## Lestur og orðaforði

Nám á unglíngastigi grunnskóla gerir kröfur til lestrarfærni og lesskilnings nemenda. Skólinn á að gera nemendum kleift að takast á við nýjar aðstæður og viðfangsefni sem taka mið af skilningi, þekkingu og reynslu þeirra en víkka jafnframt sjóndeildarhring, auka orðaforða og þroska málfar og skynjun. Textinn og þau hugtök sem kynnt eru nemendum í bókinni gera kröfur til þeirra. Óhjákvæmilega birtast í námsbók sem þessari ný og framandi hugtök sem eru ekki hluti af daglegu máli 13–15 ára unglínga. Það er nauðsynlegt að kennarar leggi sérstaka rækt við þessi orð og lykilhugtök. Þess er vænst að myndir og verkefnavinnan (samvinna nemenda) auki skilning nemenda á hugtökum og orðum. Mikilvægt er að kennari aðstoði nemendur við að greina á milli aðalatriða og aukaatriða í textanum. Sérstaklega þarf að hafa þetta hugfast við kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku og nemenda sem ekki hafa fullt vald á lestri.

## Gagnrýnin hugsun

Efni heftisins er ætlað að styrkja og efla gagnrýna hugsun nemenda. Fjallað er um atriði sem er auðvelt að tengja íslenskri samtíð og krefjast gagnrýnnar og skapandi hugsunar nemenda. Nemendur eiga að beita athugunum og að draga einfaldar ályktanir út frá vísbendingum. Þeir þurfa að velja því fyrir sér hvað hægt er að læra af fortíðinni og hvernig sú vitneskja getur verið til hagsbóta fyrir samfélagið hverju sinni. Framtíðin veltur á fortíð og nútíð, þess vegna skiptir miklu máli að nemendur tileinki sér vilja til þess að rýna samtíð sína og fortíð þjóðarinnar.

## Tjáning og hlustun

Mikilvægt er að kennarar hvetji nemendur til þess að segja frá hugsunum sínum, skoðunum og tilfinningum, hvort heldur er formlega eða óformlega, yfir nemendahópinn í heild eða í minni hópum.

Tjáning getur einnig verið leikræn og með myndsköpun. Með því að beita fjölbreyttum aðferðum við tjáningu fá fleiri nemendur tækifæri til þess að koma hugsunum sínum á áhrifaríkan hátt á framfæri, auk þess sem fjölbreytni í tjáningu gefur möguleika á samþættingu.

Samskipti felast ekki aðeins í tjáningu heldur verður einhver að taka á móti því sem tjáð er. Hlustun og áhorf þarf að þroskast samhliða tjáningarhæfninni. Nemendur verða að tileinka sér þá hæfni að einbeita sér að því sem aðrir hafa fram að færa, virða sjónarmið annarra og taka tillit til þarfa ólíkra einstaklinga.

Þekkingarmiðlun í þjóðfélagi okkar byggist mikið á því að menn hafi hæfni til að tjá sig í rituðu máli. Þess vegna er þýðingarmikið að nemendur fái tækifæri til þess að orða hugsun sína á frumlegan, skýran og skipulegan hátt. Þemað býður upp á fjölbreytta möguleika í vinnu með heimildaritun og skapandi ritun.

## Spurningatækni

Spurningar geta verið gríðarlega öflugt kennslutæki. Kennari spyr nemendur spurninga til þess að skapa aðstæður sem ýta undir uppgötvanir nemenda, hvetja til gagnrýnnar hugsunar, meta framfarir og skilning nemenda og leiðbeina þeim um vinnulag og aðferðir. Spurningar verður að laga að aðstæðum í hverjum námshópi og þeim markmiðum sem sett eru í kennslunni. Opnar spurningar reyna meira á skilning nemenda en lokaðar. Lokaðar spurningar henta þó stundum við upprifjun og til að sníða spurningar að þörfum einstakra nemenda. Opnar spurningar leiða oft til þess að svör séu lengri og krefjist skapandi hugsunar og þær koma oft af stað áhugaverðri umræðu í námshópnum. Stuttar þagnir á eftir spurningu kennara og á eftir svári nemenda hvetja til umhugsunar og endurskoðunar. Þetta hvetur einnig aðra nemendur til þess að leggja orð í belg.

*(Sjá nánar: Listin að spyrja, Ingvar Sigurgeirsson, 1996)*

Það ber að hvetja til þess að nemendur spyrji hverjir aðra uppbyggilegra spurninga um viðfangsefni sín, athuganir og skoðanir, hvort sem er í minni eða stærri hópum. Oft þarf að kenna nemendum þessa spurningatækni svo að þeir falli ekki í þá gryfju að spyrja um aukaatriði, snúa út úr eða koma með niðrandi spurningar. Eins þarf að leiðbeina nemandanum sem spurningunni er beint til svo að hann taki ekki hugsanlegri gagnrýni sem persónulegri árás.

Mikils er um vert að nemendur þori að spyrja kennara sinn spurninga án þess að óttast að verða að athlægi í bekknum. Mörgum nemendum þykir erfitt að afhjúpa vanþekkingu sína með spurningum og það ber vott um traust til kennarans og bekkjarfélaga þegar nemandi spyr út í námsefnið.

## Hópstarf

Hópstarf er afar gagnlegt í þemanámi. Gert er ráð fyrir að verulegur hluti námsins fari fram í samvinnu nemenda í litlum hópum og þeir vinni saman að öflun upplýsinga og fjölbreyttri úrvinnslu þeirra.

Kennarar eru því eindregið hvattir til þess að láta nemendur vinna í hópum í þemanu. Blöndun í hópa og verkaskipting í hópum skiptir hins vegar sköpum fyrir áframhaldandi starf. Kennari þarf að taka afstöðu til þess hvernig skipað er í hópa. Raðar kennarinn, velja nemendur sig saman eða er valið í hópa af handahófi? Oft ræður markmið verkefnisins og aðstæður í námshópnum því hvernig kennari raðar í hópa en ákveðin hópaskipan er ekki náttúruleg mál sem verður að fylgja allt þemað.

Eins þarf að kenna nemendum að vinna í hópum. Miklu skiptir að nemendur komi sér upp skýrri verkaskiptingu svo að hver og einn nemandi hafi hlutverk í hópnum og verkefnavinnunni. Hver er ritari, tímavörður, sáttasemjari, verkstjóri? Hver er klár á tölvu, hver teiknar, hver er góður ljósmyndari, hver klár í stærðfræðinni, hver hefur næmt auga fyrir stafsetningu? Vinna þarf gegn mismunun af ýmsum toga, svo sem því að nemendur festist um of í farvegi hefðbundinnar verkaskiptingar og sérstaklega skal það athugað að einstaklingar af báðum kynjum fái sambærileg og jafngild tækifæri.

## Skipulag

Nemendur vilja reglufestu og öryggi. Til þess að vinna nemenda sé vönduð þurfa nemendur að vita til hvers er ætlast af þeim og hvaða skilyrði verkefni þeirra þurfa að uppfylla til þess að árangur teljist fullnægjandi. Þetta þarf að liggja fyrir og ræða áður en verkefnavinna hefst. Nemendahópurinn þarf að vita hvernig staðið skuli að verki, hvaða umgengnisreglur gilda í vinnunni, hvernig á að vinna með heimildir, hvaða efni og áhöld á að nota. Það er einnig gríðarlega mikilvægt að kennari komi á þeirri venju að búið sé að ganga frá vinnusvæðinu þegar kennslustund lýkur – verkefni er ekki fullunnið fyrr en frágangi er lokið. Vinnustundir eiga að einkennast af ró, vinnusemi, glaðværð og vandvirkni.

## Vettvangsferðir – útikennsla

Í aðalnámskrá er litið svo á að útikennsla, auðgi og styrki allt nám ásamt því að vera holl bæði líkama og sál. Auðvelt er að tengja þetta viðfangsefni útikennslu, þó svo að staðhættir og aðstæður séu vissulega mismunandi milli sveitarfélaga. Sést til virkra eldfjalla í nágrenninu, eru torfbærir eða timburhús í nánasta umhverfi? Hvaða muni er mögulegt að skoða á byggðasafni eða náttúrugripasafni?

Í vettvangsferðum er áriðandi að hafa öryggi nemendahópsins í öndvegi. Hver skóli verður að setja sér reglur um vettvangsferðir og hvort eða hversu marga aðstoðarmenn kennari hefur með sér þegar farið er í ferðir utan skólalóðar. Slysavarnir og skyndihjálpar þarf ætíð að hafa í huga við útikennslu og þegar farið er í vettvangsferðir.

## Námsmat

Námsmat þemans ætti að byggja á þeim markmiðum sem kennari setur. Yfirleitt má meta hvort markmiðum hafi verið náð með því að fylgjast með vinnu nemenda. Kennari velur hvernig hann safnar gögnum sem liggja að baki matinu út frá þeim verkefnum sem hann lætur nemendur fást við í þemavinnunni. Sérhver kennari ætti því að setja upp töflu yfir þau markmið sem hann vill leggja mat á hverju sinni. Áriðandi er að kennari horfi til færni- og skilningsmarkmiða og leggi mat á virkni, framfarir og frumkvæði nemenda. Ekki er mælt með því að námsmat þemans byggist eingöngu á skriflegum prófum og mati á þekkingarmarkmiðum.

Æskilegt er að kennari meti vinnu nemenda í hópum. Sjálfsagt er að hver nemandi geri skýrslu um sitt framlag í hópstarfinu. Sjálfsmat hópa er æskilegt í þemavinnu. Þannig metur hópurinn vinnuframlag hvers og eins í verkefnavinnunni. Mikilvægt er að nemendur felli ekki dóma um sjálfa sig eða aðra sem persónur heldur meti þeir viðhorf, þekkingu, vinnuframlag og/eða færni innan ákveðinna námssviða.

Brýnt er að mat hvetji nemendur til frekara náms og stuðli að auknu samstarfi heimila og skóla. Sú vitneskja sem námsmatið veitir hjálpar kennurum einnig að leggja mat á náms-efni, kennsluaðferðir og kennsluhætti.

## Ýmsar ábendingar

- Áður en hafist er handa getur kennari haft stutta forkönnun til þess að meta hversu vel nemendur þekkja til umfjöllunarefnisins.
- Áður en kemur að hópaskiptingu getur kennari gert stutta áhugasviðakönnun til þess að meta betur hvernig hann skiptir nemendum í hópa.
- Nemendur finna lykilorðin í kaflanum og gera hugtakakort.
- Kennari getur samið stutt verkefni úr köflum til þess að undirstrika enn betur helstu atriði hvers og eins kafla.
- Nemendur þurfa að vera vel meðvitaðir um verkaskiptingu og hlutverk hvers og eins í hópverkefnunum.
- Æskilegt er að nemendur fái þjálfun í meðferð heimilda. Ágæt æfing væri til dæmis að láta nemendur gera stuttan útdrátt úr inngangskafli heftisins og velja stuttan texta sem beina tilvísun.



## Þemað 1918

### Markmið

#### Nemendur

- skoði byrjun 20. aldarinnar á Íslandi og fjalli um þær aðstæður sem landsmenn bjuggu við; samfélagslegar, í umhverfi og náttúru.
- þekki áhrifa hafiss við strendur landsins.
- tengi umræðu um frostaveturinn mikla við loftslagsbreytingar nú á tímum.
- geri sér grein fyrir afleiðingum náttúruhamfara eins og eldgosa á daglegt líf.
- kynnist viðbrögðum við náttúruhamförum og vöktun eldstöðva.
- þekki afleiðingar spænsku veikinnar og tengi hana við hugsanlegar afleiðingar flensufaraldurs í heiminum eins og t.d. „fuglaflensu“ og svokallaðrar svínaflensu.
- kynnist störfum heilbrigðisstétta og fyrstu sjúkrahúsum á Íslandi í upphafi 20. aldar.
- geti útskýrt eðli algengra veirusjúkdóma í mönnum.
- geti útskýrt hvað er veira og hvernig þær fjölga sér.
- þekki aðdragandann að fullveldi Íslendinga.
- tengi umræðu um fullveldi við aðild að ESB.

### Viðfangsefni og verkefni

Nemendur vinna í hópum að eftirfarandi verkefnum sem öll fjalla um stóra viðburði á árinu 1918 og tengja þá nútímanum. Áhugi nemenda á viðfangsefni ræður hópaskipan.

1. Spænska veikin – Tengja við fuglaflensu og svínaflensu.
  2. Frostaveturinn mikli – Tengja við loftslagsbreytingar á norðurhveli.
  3. Kötlugos – Tengja við viðbúnað almannavarna á Suðurlandi.
  4. Fullveldi Íslendinga – Tengja við umræðu um Evrópusambandsaðild Íslendinga.
- Allir nemendur lesa allt textaheftið.
  - Hver nemandi gerir lista yfir lykilhugtök hvers kafla og gerir hugtakakort.
  - Nemendur vinna í hópum úr heimildum (skriflegar og af neti) ítarlega umfjöllun um valverkefni sitt samkvæmt nánari útlistun kennara.
  - Hver hópur útbýr heimasíðu um verkefni sitt. Útlit heimasíðunnar ákveða nemendur í samráði við kennara.
  - Nemendur halda dagbók meðan á heimasíðusmíði stendur. Dagbók er hluti af vinnuskýrslu sem er skilað til kennara.



## Námsmat

Metinn er listi yfir lykilhugtök og hugtakakort. Þá eru metnar upplýsingar og frágangur á heimasíðu, einnig vinnuskýrsla og dagbók.

## Leiðbeiningar um uppsetningu heimasíðu

Á heimasíðunni eiga að birtast upplýsingar um spænsku veikina 1918. Á heimasíðunni á að lágmarki að fjalla um:

- veirur
- inflúensu
- hvernig flensa smitast milli manna
- hvernig spænska veikin barst til Íslands
- hvernig spænska veikin lýsti sér
- útbreiðslu spænsku veikinnar hér á landi
- hvernig var hlúð að sjúkum og barist gegn spænsku veikinni
- hverjir urðu helst fyrir barðinu á veikinni
- dauðsföll tengd veikinni
- aðra heimsfaraldra inflúensu sem hafa verið í umræðunni að undanfögnu
- inflúensulyf
- sóttvarnir á Íslandi í dag

Nemendur hafa frjálssar hendur með að velja sér áhugasvið að auki sem tengjast efni síðunnar. Talað er annars vegar um skylduverkefni og hins vegar val í þessu sambandi.

## Heimildavinnan

Nemendur vinna með skriflegar heimildir. Í þessu verkefni verður að styðjast við að lágmarki fjórar heimildir:

- Nota þarf textaheftið og a.m.k. tvær bækur að auki.
- Ekki er heimilt að styðjast eingöngu við heimildir af Netinu.
- Athugið að nauðsynlegt er að vitna í heimildir inni í textanum.
- Heimildaskrá á að vera í vinnuskýrslu ásamt myndaskrá.
- Ekki skal skrifa beint upp úr bókum eða af Neti, heldur umorða textann og vitna svo í heimildir (nema um beinar tilvitnanir sé að ræða).

Heimildaskrá á að vera sérstakur hluti af heimasíðunni. Allar heimildir sem notaðar eru í verkefninu þarf að skrá í heimildaskrá og raða í stafrófsröð eftir nafni höfundar.

- Nafn höfundar (höfunda). Heiti bókar eða ritverks (skáletrað).Útgáfufyrirtæki, útgáfustaður, útgáfuár.

Vefslóðir eru hafðar aftast í heimildaskrá í stafrófsröð. Nauðsynlegt er að hafa fulla vefslóð að sérhverri heimild og tilgreina dagsetninguna sem slóð er sótt. Einnig þarf að skrá allar myndir og gera sérstaka myndaskrá þar sem vísað er til heimilda og blaðsíðutals.

## Vísanir til heimilda

Í þessu heimildaverkefni er hæfilegt að vísa til heimilda í lok hvers kafla (því er ekki farið eftir ströngustu reglum um heimildanotkun), þ.e. tilgreina í sviga hvaða heimildir voru notaðar við gerð kaflans. Í sviganum á að vera: Höfundarnafn – útgáfuár – tvípunktur – blaðsíðutal. Sé eitthvað tekið beint upp úr bók (bein tilvitnun) verður alltaf að vísa til heimilda í svigum inni í texta strax að lokinni tilvitnun.

## Beinar tilvitnanir

Beinar tilvitnanir ætti að nota sem allra minnst og aldrei meira en sem nemur 5% af efninu. Beinar tilvitnanir verður að afmarka með gæsalöppum og afar þýðingarmikið er að fara rétt með, taka orðrétt upp og stafsetja rétt. Ágæt regla er að hafa beinar tilvitnanir með breyttu letri, s.s. skáletraðar eða með minna letri. Strax á eftir beinum tilvitnunum skal ávallt hafa vísun til heimilda í sviga. Í sviganum á að vera: Höfundarnafn – útgáfuár – tvípunktur – blaðsíðutal.

## Umfang verkefnisins

Heimasíðan má ekki vera stærri en 16 síður. Samhliða gerð heimasíðunnar á hópurnum að gera nákvæma vinnuskýrslu. Hún byggist á dagbók sem á að halda meðan á verkefninu stendur (sjá um **vinnuskýrslur** hér að neðan). Hópurinn hefur að öðru leyti frjálssar hendur um hönnun og frágang heimasíðunnar.

## Vinnulag í hópstarfi, dagbók og vinnuskýrsla

Vinnulag fengið frá Valdimar Helgasyni kennara.

Nemendur skila vinnuskýrslu með heimasíðunni. Dagbók er grunnurinn að vinnuskýrslunni. Einn til tveir nemendur hafa það hlutverk að halda utan um dagbókina en hópurnum á að hafa þá reglu að enda alla fundi á því að færa dagbók. Allir í hópnum eiga að heyra í lok fundar hvað var fært í dagbókina.

Vinnuskýrslan á að vera á dagbókarformi og hefst hver færsla á dagsetningu og tímasetningu. Í vinnuskýrslu á að koma fram hvernig verkaskiptingu var háttað við heimasíðugerðina, hvernig verkum var skipt í milli einstaklinga í hópnum, hvort sú verkaskipting hafi þróast í ferlinu og hvernig verkefnið skiptust endanlega. Í vinnuskýrslunni þarf að greina nákvæmlega frá vinnuframlagi allra í hópnum á hverjum tíma. Í lok vinnuskýrslu á að vera nákvæm samantekt á vinnuframlagi hvers og eins (nafn, öll verkefni hans og tímamagn).

Hóparnir þurfa að skipuleggja vel hvernig vinnu er háttað og funda oft og reglulega. Stór hluti vinnunnar á sér þó stað á milli funda, þar sem hver og einn vinnur að sínum þáttum í heimasíðugerðinni. Sumir fundir eru stuttir þar sem þeir eru aðeins til þess að athuga hvernig verkinu miðar áfram (10 mínútna stöðufundir). Aðrir fundir eru lengri vinnufundir, þar sem til dæmis er verið að skoða vinnuframlag frá hverjum og einum.

Það sem á að færa í dagbókina (sem myndar síðan vinnuskýrsluna):

- Hvar og hvenær fundur var haldinn (dagsetning og tími) og hvað hann var langur.
- Hvernig fundur (stöðufundur eða vinnufundur).
- Hverjir mættu á fundinum og ef einhver var ekki á fundinum þá hvers vegna (skróp, veikindi eða annað). Ef nemandi mætti ekki á fund og hefur ekki gilda afsökun þá telst það skróp.
- Hvað var gert á fundinum. Það þarf að skrá nákvæmlega hvað gert var á hverjum fundi. Ef fundurinn er einungis stöðufundur þá verður að taka fram hvernig hver og einn hefur unnið sína vinnu. Eru allir búnir með það sem þeim var sett fyrir? Á vinnufundum þarf að skrá í dagbókina allt sem er gert og allar ákvarðanir sem eru teknar. Þegar fyrsti fundur er haldinn þarf að skrá hvernig ákveðið er að skipta verkum fram að næsta fundi og allar ákvarðanir um skipulag heimasíðunnar.
- Að enda fund. Alla fundi verður að enda á því að ákveða hvað hver og einn á að gera fram að næsta fundi (skrá í dagbók) og hvenær (nákvæmlega) og hvar næsti fundur verður. Eftir það má ekki breyta fundartíma nema allir meðlimir hópsins séu sáttir við breytinguna.
- Næsti fundur. Í dagbókina þarf einnig að skrá hvenær og hvar næsti fundur verður.
- Allar upptökur á milli funda sem teljast mikilvægar og tengjast ritgerð þarf að skrá í dagbókina.

## Vinnudagbók

### 1. fundur 4. okt. kl. 14:30 – Vinnufundur í skólanum.

*Allir mættir. Við ákváðum í umsjónartímanum, sem var 3. okt., að við myndum hittast eftir skóla á bókasafninu. Á þessum fundi ákváðum við hvað við ætluðum að hafa í ritgerðinni. Við vorum öll sammála um að Styrkár myndi taka veirur og inflúensu, Alexandra spænsku veikina, Gunnar aðra heimsfaraldra inflúensu, María inflúensulyf og sóttvarnir á Íslandi. Öll áætluðum við að vera búin að finna heimildir um þessi viðfangsefni fyrir næsta fund. Við gátum ekki ákveðið valverkefni – spáum í það – og ákváðum að skoða það betur síðar. Þessum fundi var slitið kl. 15:14.*

### 2. fundur 9. okt. kl. 20:00 – Stöðufundur hjá Maríu.

*Mættum öll á réttum tíma og með þær heimildir sem hver og einn átti að vera með. Við höfðum greinilega flest farið á Netið en Alexandra hafði líka náð í nokkrar bækur á bókasafninu. Á fundinum renndum við yfir þessar bækur en sáum að þær voru bara mest um spænsku veikina en voru ekki góðar fyrir aðra kafla. Fyrir næsta fund ætla svo allir að skrifa uppkast um þau verkefni sem við völdum á fyrsta fundinum. Á næsta fundi ætlum við að lesa yfir og gagnrýna hvert hjá öðru. Næsti fundur verður vinnufundur í skólanum 15. október kl. 14:30. Fundinum var slitið kl. 20:30.*

## Samantekt

*Alexandra gerði texta um spænsku veikina; hvernig hún barst til Íslands, hvernig hún lýsti sér, hverjir urðu helst fyrir barðinu á henni, hvernig hlúð var að sjúkum og um dauðsföll tengd veikinni. Hún setti heimasíðuna töluvert mikið upp. Hún mætti á réttum tíma á alla fundi. Hún stóð sig mjög vel en gat stundum verið pirruð ef hinir stóðu ekki við verkáætlun. Alexandra varði 28 klukkustundum í þetta verkefni.*

*Gunnar skrifaði um aðra heimsfaraldra inflúensu og valverkefnið okkar sem var um svínaflensuna og stökkbreytingar inflúensuveirunnar. Hann gerði heimilda- og myndaskrána og var eiginlega yfirhönnuður heimasíðunnar. Gunnar bar ábyrgð á dagbókarskrifunum. Hann mætti á alla fundi, fyrir utan tvo en þá var hann veikur. Hann mætti líka alltaf á réttum tíma. Hann var mjög duglegur og vann 33 tíma að þessu verkefni.*

*María skrifaði um inflúensulyf og sóttvarnir á Íslandi. Hún bar ábyrgð á hrein-skrift verkefnisins enda langbest í íslensku. Við þurftum svolítið að reka á eftir Maríu en það sem hún gerði vann hún mjög vel og hún var mjög hugmyndarík. Hún mætti ekki á alla fundi á réttum tíma en var samt fín í hópnum. María varði 23 tímum í þetta verkefni.*

*Styrkár skrifaði um veirur og inflúensu. Hann mætti á alla fundi, kom þó fyrir að hann mætti of seint, en það var alltaf eitthvað út af nemendaráði. Hann tryggði að fundirnir gengju vel fyrir sig og allir ynnu sitt verk og varð því einhvers konar verkstjóri. Svo tók hann viðtal við landlækni og gerði inngangssíðuna. Styrkár vann 32 tíma að þessu verkefni. Hann vann því vel og stóð sig þrýðilega.*

## Vinnuáætlun

Í vinnutímum þemans eiga nemendur alltaf að vera með þau verkefni sem eiga að vera búin samkvæmt vinnuáætlun þannig að kennari geti fylgst með vinnunni.

## Undirbúningsvika

Kynning á þemavinnunni. Áhugi nemenda er kveiktur með því að sýna þeim myndbands-brot um spænsku veikina, síðan er tekið hugarkort um árið og könnuð gróflega forþekking nemenda. Farið er vel yfir skipulag þemans og gefnar leiðbeiningar fyrir stóra heimilda-verkefnið (heimasíðuna). Leiðbeiningar verða jafnframt veittar jafnóðum meðan á vinnu stendur í upphafi kennslustunda í viku 1–7.



### Vika 1

Nemendur nota þessa viku til að lesa yfir þemaheftið, finna lykilhugtök í hverjum kafla og gera hugtakakort. Í lok vikunnar er nemendum skipt í hópa eftir áhugasviði.

### Vika 2

Hópar byrja heimildaöflun og kynna sér leiðbeiningar fyrir heimasíðugerðina. Nemendur nota þessa viku til að skipuleggja innihald textans með því að ákveða hvað á að fjalla um og setja ramma til að vinna eftir. Drög að efnisyfirliti heimasíðu, m.a. þeim hlutum sem nemendur velja að fjalla sérstaklega um. Skipta með sér verkum innan skylduverkefna. Allir gera uppkast af sínum skylduverkefnum. Í lok annarrar viku eiga nemendur að hafa lokið við uppkast af öllum skylduverkefnum og komið með tillögur að myndefni. Í byrjun þriðju viku eiga nemendur að sýna kennara vinnuna í upphafi kennslustundar.

### Vika 3

Nemendur sýna kennara uppkast af skylduverkefnum og myndir. Þessa viku eiga nemendur að nota til að skiptast á uppköstum og fara yfir vinnuna hver hjá öðrum, gera athugasemdir til úrbóta og endurskrifa eftir þörfum. Mikilvægt er að ræða opinskátt þau mál sem þarfnast nánari skoðunar. Drög skylduverkefna ganga milli allra einstaklinga í hópnum og enginn hluti telst fullunninn fyrr en allir hafa farið yfir hann og sett sitt mark á hann. Í lok þriðju viku eiga allir skyldukaflar að vera fullunnir. Í fjórðu viku eiga nemendur að sýna kennara vinnuna í upphafi tíma.

### Vika 4

Nemendur sýna kennara afrakstur af vinnu þriðju viku í upphafi tíma. Þessa viku eiga nemendur að nota til að vinna að valhlutum heimasíðunnar (texti og myndir) og klára þá í þessari viku. Í fimmtu viku eiga nemendur að sýna kennara vinnuna í upphafi tíma.

### Vika 5–6

Nemendur sýna kennara vinnuna í upphafi fimmtu viku. Þessar vikur (5. og 6. viku) nota nemendur í ýmsa frágangsvinnu, s.s. uppsetningu síðunnar, tengingu mynda og texta og samræmingu á útliti. Myndaskrá og heimildaskrá eiga að fara í vinnuskýrslu og í þessum vikum er unnið að frágangi vinnuskýrslu.

### Vika 7

Heimasíða á að vera tilbúin. Þessi vika er sérstaklega ætluð til að nemendur geti leyst ófyrirséð vandamál. Í þessari viku má skila heimasíðu ef hún er tilbúin.

### Vika 8

Heimasíðu skilað – Hér verður að skila heimasíðunni.

# Ýmis verkefni

## Ísland við upphaf 20. aldar

- A. Búa til líkan af torfbæ.
- B. Gera glærusýningu um rafvæðingu Íslands.
- C. Semja leikrit í þrem til fjórum þáttum sem sýna hvernig síminn hefur áhrif á daglegt líf eftir tímabilum (ritsími – sveitasími – heimilissími – GSM sími).
- D. Útbúa máltíð/matseðil sem sýnir daglegar matarvenjur við upphaf 20. aldar.
- E. Gera veggspjöld sem fjalla um íþrótt- og æskulýðshreyfingar við upphaf 20. aldar.
- F. Gera veggspjöld sem fjalla um stjórn málaflokka við upphaf 20. aldar.
- G. Skrifa heimildaritgerð um fyrri heimsstyrjöldina – velja sérsvið.
- H. Bera saman á veggspjaldi kaþbát úr fyrri heimsstyrjöldinni og nútíma kjarnorkukaþbát.
- I. Fjalla um fiskveiðar við upphaf 20. aldar.
- J. Semja, taka upp og flytja tónverkið 1918.
- K. Halda tískusýningu sem sýnir fatatískuna 1918.

## Frostaveturinn mikli

- A. Flytja fyrirlestur um ofkælingu og kal.
- B. Gera veggspjald um ísbirni á Íslandi.
- C. Skrifa smásöguna: Þegar ísöld gekk í garð á nýjan leik.
- D. Skrifa ritgerð um áhrif þess á daglegt líf á Íslandi ef ísinn hverfur af norðurheimskaustsvæðunum.
- E. Gera leikna stuttmynd sem fjallar um áhrif frostavetrarins á daglegt líf einnar fjölskyldu.
- F. Gera leikna stuttmynd sem fjallar um áhrif sambærilegra frosta og urðu árið 1918 á daglegt líf einnar fjölskyldu í nútímanum.
- G. Semja ljóð sem fjalla um fimbulkulda.
- H. Gera myndrit fyrir hitastigið í Reykjavík í janúar 1918.

## Kötlugos

- A. Skrifa ritgerð um gosið í Vatnajökli 1996 og hlaupið í kjölfar þess.
- B. Gera veggspjald um stórgos á Íslandi á sögulegum tíma.
- C. Gera heimasíðu um stórgos í Kötlum á sögulegum tíma.
- D. Gera veggspjald sem skýrir út af hverju Katla gýs.
- E. Gera stuttmynd um þjóðsöguna um Kötlum.
- F. Búa til myndverk sem sýnir gosið í Kötlum.
- G. Búa til myndverk sem sýnir sjónarhorn í Reykjavík í öskufalli.
- H. Vinna í myndrit o.fl. ýmislegt sem varðar gosið og rera úmmálsútreikninga.

- Álitíð er að landaukinn í fyrstu flóðum hafi verið allt að 30 km<sup>2</sup>. Búðu til líkan sem ber saman þennan landauka við þekkt viðmið (t.d. mannvirki eða fjall).
- Gerð hefur verið tilraun til þess að reikna út öskumagnið í heild með því að taka saman upplýsingar um þykkt öskulagsins víða um land. Er álitíð að það hafi numið 700.000.000 rúmmetrum. Teiknaðu mynd af teningi sem er að sama rúmmáli og hafðu til samanburðar þekkt viðmið úr nánasta umhverfi þínu. t.d. mynd af píramída, 1 km í flatarmál og 2100 metrar á hæð.
- Ýmsir hafa glímt við að reikna út vatnsrennslið í flóðinu þegar það var í hámarki á milli Hafurseyjar og Höfðabrekkuafréttar. Eitt slíkt reikningsdæmi sýnir fram á að það hafi verið 260.000 rúmmetrar á sekúndu. Það er rúmlega tvöfalt vatnsmagnið við ósa Amazonfljóts en það er vatnsmesta fljót í heimi. Aflaðu upplýsinga um vatnsrennsli í 10 ám Íslandi og hitaveiturörinu frá Nesjavöllum og settu niðurstöðurnar upp í töflu til samanburðar.
- Aflaðu upplýsinga um skaða og skemmdir sem öskufallið og flóðin ollu og settu upp í myndrit.
- Almannavarnir – hvað á að gera þegar eldgos eða jarðskjálfta ber að höndum? Útbúa viðbragðsáætlun.

## Spænska veikin

- Útbúa veggspjald sem lýsir lífsferli inflúensuveiru og smitleiðum inflúensunnar.
- Gera glærukynningu sem lýsir mismunandi gerðum flensu, þar með talið fuglaflensu og svínaflensu.
- Gera myndrit sem sýnir hlutfall sjúkra og látinna í spænsku veikinni skipt eftir sveitarfélögum.
- Skrifa ritgerð um stóru bólu og/eða svarta dauða.
- Skrifa smásögu sem lýsir upplifun barns af spænsku veikinni.
- Skrifa ljóð sem lýsir upplifun einstaklings af spænsku veikinni.
- Gera veggspjald sem sýnir Reykjavík árið 1918 með helstu kennileitum.

## Fullveldi

- Skrifa ritgerð um nokkur íslensk ættjarðarljóð og hvernig innihald þeirra tengist sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.
- Gera veggspjald sem sýnir hvernig norræn konungsríki hafa stækkað og minnkað á seinustu 1000 árum.
- Skrifa ritgerð þar sem borin er saman umræðan í tengslum við baráttu okkar fyrir fullveldi og hins vegar umræða um hugsanlegar aðildarviðræður að Evrópusambandinu.
- Gera stuttmynd sem lýsir því ef við hefðum kosið að hafa þingbundna konungsstjórn.
- Útbúa glærukynningu sem sýnir þróun íslenska fánans.
- Útbúa glærukynningu sem rekur þróun íslenska skjaldarmerkisins.
- Semja ljóð sem fjallar um hvað það þýðir að vera sjálfstæð þjóð.

# Heimildaskrá

## Frostaveturinn mikli

Ari Trausti Guðmundsson og Ragnar Th. Sigurðsson. *Eldgos 1913–2004*. Vaka Helgafell. Reykjavík. 2005.

Björn Þorsteinsson og Bergsveinn Jónsson. *Íslandssaga til okkar daga*. Sögufélag. Reykjavík. 1991.

Gils Guðmundsson (ritstjóri). *Öldin okkar, minnisverð tíðindi 1901–1930*. Forlagið Iðunn. Reykjavík. 1950.

Gísli Jónsson (ritstjóri). *Því gleymi ég aldrei, frásagnir af minnisverðum atburðum*. Kvöldvökuútgáfan. Akureyri. 1962.

Gísli Jónsson. *1918. Fullveldi Íslands 50 ára 1. desember 1968*. Almenna bókafélagið. Reykjavík. 1968.

Gunnar M. Magnúss. *Ísland og heimsstyrjöldin fyrri 1914–1918*. Skuggsjá. Reykjavík. 1965.

*Húni*. Sögur, sagnir og kveðlingar. 7. árgangur. Útgefandi Ungmennasamband Vestur-Húnavetninga. 1985.

Illugi Jökulsson o.fl. *Ísland í aldanna rás. 1900–1950. Saga lands og þjóðar ár frá ári*. JPV forlag. Reykjavík. 2000.

*Strandapósturinn*. 21. árgangur. Útgefandi Átthagafélag Strandamanna. 1987.

## Lesefni

Lesarkasafn grunnskóla. *Vetur*. Námsgagnastofnun. Reykjavík. 1993.

## Af Netinu

### Um frostaveturinn mikla

Sigurður Þór Guðjónsson. Frostaveturinn mikli. 21.1. 2008

<http://nimbus.blog.is/blog/nimbus/entry/419957/>

Trausti Jónsson. Hugleiðingar um bakgrunn kuldanna 1918. Gætu þeir endurtekið sig? 22.1. 2008. <http://www.vedur.is/vedur/frodleikur/greinar//nr/1163>

Trausti Jónsson. Lágmarkshiti í Reykjavík. 16.1. 2008.

<http://www.vedur.is/vedur/frodleikur/greinar/nr/1141>

Trausti Jónsson. Lægsti hiti á Íslandi – Grímsstaðir og Möðrudalur 21. janúar 1918. 25.9. 2007. <http://www.vedur.is/vedur/frodleikur/greinar/nr/1042>.

### Um hafís

Á heimasíðu Veðurstofunnar er að finna margar greinar um hafís.

Endalok hafísbreiðunnar á norðurhveli? <http://vedur.is/hafis/frodleikur/nr/1062>

Hafís við Ísland. <http://vedur.is/hafis/frodleikur/nr/453>

Myndun hafíss. <http://vedur.is/hafis/frodleikur/nr/452>

Um hafís fyrir Suðurlandi. <http://vedur.is/hafis/frodleikur/nr/326>



## Kötlugos

- Ari Trausti Guðmundsson og Ragnar Th. Sigurðsson. *Eldgos 1913–2004*. Vaka Helgafell. Reykjavík. 2005.
- Björn Þorsteinsson og Bergsveinn Jónsson. *Íslandssaga til okkar daga*. Sögufélag. Reykjavík. 1991.
- Gils Guðmundsson (ritstjóri). *Öldin okkar, minnisverð tíðindi 1901–1930*. Forlagið Iðunn. Reykjavík. 1950.
- Gísli Jónsson (ritstjóri). *Því gleymi ég aldrei, frásagnir af minnisverðum atburðum*. Kvöldvökuútgáfan. Akureyri. 1962.
- Gísli Jónsson. *1918. Fullveldi Íslands 50 ára 1. desember 1968*. Almenna bókafélagið. Reykjavík. 1968.
- Gísli Sveinsson. *Kötlugosið og afleiðingar þess*. Gutenberg. Reykjavík. 1919.
- Gunnar M. Magnúss. *Ísland og heimsstyrjöldin fyrri 1914–1918*. Skuggsjá. Reykjavík. 1965.
- Illugi Jökulsson o.fl. *Ísland í aldanna rás. 1900–1950. Saga lands og þjóðar ár frá ári*. JPV forlag. Reykjavík. 2000.
- Jón R. Hjálmarsson (ritstjóri). *Svipast um á Suðurlandi, 20 Sunnlendingar segja frá*. Suðurlandsútgáfan. 1978.
- Werner Schutzbach. *Katla, saga Kötluelda*. Lafleur. Reykjavík. 2005.

## Af Netinu

Á heimasíðu Almanna- og Mannavarna er að finna mikið efni um viðbrögð við Kötlugosi.

[http://www.almannavarnir.is/displayer.asp?cat\\_id=245](http://www.almannavarnir.is/displayer.asp?cat_id=245)

- Upplýsingabæklingar fyrir íbúa, Katla og Mýrdalsjökull.
- Katla – Vestursvæði
- Katla – Austursvæði
- Upplýsingabæklingar fyrir ferðamenn, Katla og Mýrdalsjökull.
- Neyðarupplýsingar vegna jökulhlaupa.
- Hættumat og áhættugreiningar.
- Hættumat vegna eldgosa og hlaupa frá vestanverðum Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökli.
- Áhættugreining vegna hugsanlegs goss og hlaups niður Mýrdalssand.
- Kötlulæfing – Bergrisinn – Lokaskýrsla 2006.

Jarðfræðivefurinn hjá Námsgagnastofnun

<http://www1.nams.is/jardfraedi/eldfjoll3.php?id=368>

## Spænska veikin

- Björn Þorsteinsson og Bergsveinn Jónsson. *Íslandssaga til okkar daga*. Sögufélag. Reykjavík. 1991.
- Gils Guðmundsson (ritstjóri). *Öldin okkar, minnisverð tíðindi 1901–1930*. Forlagið Iðunn. Reykjavík. 1950.
- Gísli Jónsson. *1918. Fullveldi Íslands 50 ára 1. desember 1968*. Almenna bókafélagið. Reykjavík. 1968.
- Gunnar M. Magnúss. *Ísland og heimsstyrjöldin fyrri 1914–1918*. Skuggsjá. Reykjavík. 1965.
- Illugi Jökulsson o.fl. *Ísland í aldanna rás. 1900–1950. Saga lands og þjóðar ár frá ári*. JPV forlag. Reykjavík. 2000.

Páll V. Kolka. *Úr myndabók læknis*. Setberg. Reykjavík 1964.  
Thoroddsen Þ. Inflúenzan fyrrum og nú. *Læknablaðið*. 1919; 5:13–23 og 74–9.

## Af Netinu

### Spænska veikin

Magnús Gottfreðsson. *Spænska veikin á Íslandi 1918. Lærdómur í læknisfræði og sögu*. *Lækna-  
blaðið*. 2008/94.

<http://www.hirsla.lsh.is/lsh/bitstream/2336/42295/1/L2008-11-94-F1.pdf>

Skúli Sæland. „Hvað var spænska veikin?“. *Vísindavefurinn* 28.2. 2005.

<http://visindavefur.is/?id=4775>.

### Inflúensa

<http://www.landlaeknir.is/Pages/801>

Lúðvík Ólafsson. „Inflúensa, pistill“ 13. jan 2000. [www.doktor.is/influensa](http://www.doktor.is/influensa)

### Veirur

<http://is.wikipedia.org/wiki/Veirur>

### Fuglaflensa

Skýrsla starfshóps á vegum Forsætisráðuneytisins. *Mat á efnahagslegum áhrifum og hag-  
varnarráðstafanir vegna hugsanlegs heimsfaraldurs inflúensu*. September 2006. Ný útgáfa.

[http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/Skyrsla\\_starfshops\\_ny\\_utgafa.pdf](http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/Skyrsla_starfshops_ny_utgafa.pdf)

Sigrún Guðnadóttir. *Vágestur. Er hugsanlegt að fuglaflensa geti orðið eins skæður faraldur og  
spænska veikin?* [www.meningarmidlun.hi.is/hmm36-105.pdf](http://www.meningarmidlun.hi.is/hmm36-105.pdf)

Viðbragðsáætlun almannavarna. Heimsfaraldur inflúensu, landsáætlun 2008.

[http://www.almannavarnir.is/upload/files/31032008\\_influensa\\_%C3%A1%C3%A6tlun\\_utmata\\_1.pdf](http://www.almannavarnir.is/upload/files/31032008_influensa_%C3%A1%C3%A6tlun_utmata_1.pdf)

## Fullveldi

Ari Trausti Guðmundsson og Ragnar Th. Sigurðsson. *Eldgos 1913–2004*. Vaka Helgafell. Reykjavík. 2005.

Björn Þorsteinsson og Bergsveinn Jónsson. *Íslandssaga til okkar daga*. Sögufélag. Reykjavík. 1991.

Gils Guðmundsson (ritstjóri). *Öldin okkar, minnisverð tíðindi 1901–1930*. Forlagið Iðunn. Reykjavík. 1950.

Gísli Jónsson (ritstjóri) *Því gleymi ég aldrei, frásagnir af minnisverðum atburðum*. Kvöldvöku-útgáfan. Akureyri. 1962.

Gísli Jónsson. *1918. Fullveldi Íslands 50 ára 1. desember 1968*. Almenna bókafélagið. Reykjavík. 1968.

Gunnar M. Magnúss. *Ísland og heimsstyrjöldin fyrri 1914–1918*. Skuggsjá. Reykjavík. 1965.

Illugi Jökulsson o.fl. *Ísland í aldanna rás. 1900–1950. Saga lands og þjóðar ár frá ári*. JPV forlag. Reykjavík. 2000.

*Sagnir*. Tímarit um sögulegt efni 19. árgangur 1998. Fullveldi Íslands í 80 ár. Sagnfræðinemar við Háskóla Íslands.

## Af Netinu

### Fánar og skjaldarmerki

Íslenski fáninn og skjaldarmerkið. <http://www.forseti.is/Forsida/Fanimerkithjodsongur/Sagafanans/> Áður birt í ritinu Fáni Íslands, skjaldarmerki, þjóðsöngur, heiðursmerki, útg. af forsætisráðuneyti 1991.

Um heimastjórn, atvinnulíf og tíðaranda. <http://www.heimastjorn.is/> Forsætisráðuneytið

### Annað

Ingvar Sigurgeirsson. *Listin að spyrja*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Reykjavík. 1996.